

KJÖRDÆMAKEPPNI BSÍ

RAMMAREGLUGERÐ

1. Grein

Keppnin verður spiluð í kjördæmi því sem valið er hverju sinni. Ábyrgðaraðili mótsins útvegar húsnæðið.

- Spilað er í einni deild allir við alla.
- 1.borð spilar við 1. borð o.s.frv.
- Spilaðir eru 12 spila leikir án hálfleiks.

2. Grein

Hvert svæði sendir 4 sveitir, með þeim takmörkunum að frá hverju félagi mega aðeins spila 10 í hverri umferð. Hvert svæðasamband sendir inn nafnalista með 16-24 spilurum. Reglur um varamenn eru mjög frjálssar. Fyrirliði stillir upp sínu liði að eigin vild, en þó ekki fleiri en 10 spilurum úr sama félagi, eins og fyrr segir.

Ef aðeins 3 eða færri félög spila innan svæðasambands er fjöldi spillara frá sama félagi ótakmarkaður fyrir spillara með minna en 150 gullstig.

3. Grein

Svæðastjórn ákveður hvernig sveitir eru valdar af viðkomandi svæði og raðar niður á borð. (A,B,C,D).

4. Grein

Skráning félaga í árslok fyrra árs segir til um hvar spillari er félagsbundinn og má hann aðeins spila fyrir það félag sem hann er skráður í þá.

Frestur hjá svæðastjórn til að skila nafnalista fyrir sínar sveitir er til mánudagsins 1 viku fyrir mót og skal sent með tölvupósti eða símbréfi til skrifstofu BSÍ. Nafnalistum þurfa að fylgja kennitölur og bridgefélag viðkomandi spillara.

5. Grein

Spilað er um 4 gullstig í leik.

6. Grein

Spilað er um farandbikar sem Akraneskaupstaður gaf til keppinnar 1994 og verðlaunapeningar verða veittir fyrir 1. sætið.